

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing eystra
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur



Reykjavík 29. febrúar 2016
UST201602-011/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingum á aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingum á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 – 2024.

Tillaga um breytingar

Tillaga að breytingu á landnotkun, skilgreining og afmörkun flugbrautar í landi Skækils/Guðnastaða í A-Landeyjum.

Tillaga um breytingu felur í sér að flugbraut/lendingastaður er skilgreindur í landi Skækils, Guðnastaða. Við áætlaða breytingu mun 9 ha landbúnaðarsvæði breytast í flugvöll.

Umhverfisstofnun bendir á að stutt er í flugvöll á Bakka. Einnig bendir stofnunin á að flugumferð fylgir hávaðamengun og mikilvægt er að nágrannar Skækils/Guðnabakka séu upplýstir um mögulega hávaðamengun.

Tillaga að afmörkun afþreyingar- og ferðamannasvæðis og breyting á legu Þórsmerkurvegar við Hamragarða og Seljalandsfoss undir V-Eyjafjöllum.

Breytingartillagan felur í sér að 90 ha svæði land við Hamragarða og Seljalandsfoss er breytt úr landbúnaðarsvæði og afþreyingar- og ferðamannasvæði og verður eingöngu afþreyingar- og ferðamannasvæði. Einnig felur breytingartillagan í sér að Þórsmerkurvegur er færður til vesturs að varnargarði Markarfljóts.

Umhverfisstofnun tekur undir það að færa á framkvæmdir, bílastæði og umferð fjær náttúrumínjum en hefur verið. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætlaðar framkvæmdir verði látlausar og falli vel að umhverfi en skyggi ekki á náttúrumínjar.